

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Langanesbyggðar, nr. 10/2019.

1. gr.

3. töluliður B-liðar 49. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

*Skipulags- og umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin fer með hlutverk skipulagsnefndar skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt fer nefndin með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins á svið náttúruverndar, umhverfismála og framkvæmda á vegum sveitarfélagsins samkvæmt erindisbréfi.

Skipulags- og umhverfisnefnd fer með fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmda þegar sveitarfélagið sjálft er framkvæmdaaðili.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarfélagið hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 29. janúar 2021.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

\_\_\_\_\_  
*Stefanía Traustadóttir.*